

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Natriumbikarbonat Viatris 1 g töflur

natríumhýdrógenkarbonat

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

**Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Natriumbikarbonat Viatris og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Natriumbikarbonat Viatris
3. Hvernig nota á Natriumbikarbonat Viatris
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Natriumbikarbonat Viatris
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### **1. Upplýsingar um Natriumbikarbonat Viatris og við hverju það er notað**

Natriumbikarbonat Viatris vinnur gegn sýru í líkamanum.

Natriumbikarbonat Viatris er notað við of mikilli sýru í líkamanum (blóðsýringu) og til að minnka sýru í þvagi (gera þvagið basískt).

Þú verður að segja læknum frá ef þér líður ekki betur eða ef þér líður verr.

#### **2. Áður en byrjað er að nota Natriumbikarbonat Viatris**

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

**Ekki má nota Natriumbikarbonat Viatris:**

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir natríumhýdrógenkarbonati eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

**Varnaðarorð og varúðarreglur**

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Natriumbikarbonat Viatris er notað.

- ef þú ert með hjartasjúkdóm
- ef þú ert með skerta nýrnastarfsemi.

**Notkun annarra lyfja samhliða Natriumbikarbonat Viatris**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notað.

Það getur haft áhrif á meðferðina með Natriumbikarbonat Viatris ef það er notað ásamt öðrum lyfjum við:

- bakteríusýkingum (tetracyklín).

**Natriumbikarbonat Viatris inniheldur natríum**

Þeir sem þurfa fleiri en 1 töflu á sólarhring til lengri tíma eiga að ráðfæra sig við lækinn eða lyfjafræðing, sérstaklega ef þeim hefur verið ráðlagt að fylgja saltskertu (natríumskertu) mataræði.

Lyfið inniheldur 273,8 mg af natríum (aðalefnið í matarsalti) í hverri töflu. Þetta jafngildir 14% af daglegri hámarksinntöku natríums úr fæðu skv. ráðleggingum fyrir fullorðna.

### **Meðganga og brjóstgjöf**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Ekki er þekkt nein áhætta af notkun lyfsins á meðgöngu.

Ekki er þekkt hvort Natriumbikarbonat Viatris berst í brjóstamjólk. Því skal leita ráða hjá lækni áður en byrjað er að nota lyfið reglulega þegar barn er haft á brjósti.

### **Akstur og notkun véla**

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

## **3. Hvernig nota á Natriumbikarbonat Viatris**

Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Yfirleitt ákvarðar lækinn þann skammt sem hentar hverjum og einum.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

## **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

*Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 1.000 sjúklingum):* Blóðlýting (líkamsvökvar verða of basískir, sem er andstæðan við sýringu) við langvarandi notkun stórra skammta.

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

## **5. Hvernig geyma á Natriumbikarbonat Viatris**

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Tómar umbúðir er hægt að endurvinnna. Lok og glas flokkast sem hart plast.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Natriumbikarbonat Viatris inniheldur**

- Virka innihaldsefnið er natríumhýdrógenkarbonat, 1 g í töflu.
- Önnur innihaldsefni eru míkrokristallaður sellulósi, gelatína og talkúm.

### **Lýsing á útliti Natriumbikarbonat Viatris og pakkningastærðir**

Natriumbikarbonat Viatris töflur eru hvítar, sléttar, með deiliskoru og eru 13,5 mm að þvermáli.

Pakkningastærð: 100 töflur í plastglasi.

### **Markaðsleyfishafi**

Viatris ApS  
Borupvang 1  
2750 Ballerup  
Danmörk

### **Framleiðandi**

Fine Foods & Pharmaceuticals N.T.M. S.p.A  
Bergamo, Via Grignano 43  
Brembate -24041  
Ítalíu

### **Umboð á Íslandi**

Icepharma hf.  
Lynghálsi 13  
110 Reykjavík

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júní 2024.**